Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 28. maí 1887 (A. nr. 3, bls. 6—7).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 10. júní 1887 (A. nr. 4, bls. 8—9).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um frumvarp til laga um takmörkun á fjárforræði þurfamanna. — Um leið og þess skal getið, að hans hátign konunginum hefir allramildilegast þóknazt 15. f. m. eptir allraþeglegustum tillögum ráðgjafans að neita frumvarpi því til laga um takmörkun á fjárforræði þurfamanna, er þiggja sveitarstyrk, er alþingi 1885 samþykkti, um staðfestingu sína, læt jeg eigi hjálíða að senda yður hjermeð 65 expl. af frumvarpi til laga með nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk m. m., sem búið hefir verið til í stjórnarráðinu, til þess að þjer leggið frumvarp þetta fyrir alþingi það, er saman á að koma í ár. 67 27. maí.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um greiðslu árgjalda frá einu prestakalli til annars. — Með skýrskotun til tillagna yðar í brjefi 7. febr. þ. á. viðvíkjandi framkvæmd á því ákvæði í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, 3. gr., að gjald það, sem greiða á frá einu prestakalli til annars, skuli sem mest greiða með fasteignum eða afgjaldi fasteigna, hafið þjer herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 5. f. m., lagt það til, að svo verði fyrirskipað, að því er snertir árgjöld þau, er hvíla á prestaköllunum Hofi í Vopnafirði og Valþjófsstað, sem hjer segir: 68 3. júní.

A. Hof í Vopnafirði. Þær 700 kr., sem brauðið á að gjalda, greiðist þannig:

1, að til Skeggjastaða prestakalls, sem á að fá 300 kr. uppbót, leggist þessar jarðir:

Saurbær í Skeggjastaðahreppi	afgjald á ári	kr. 72,23
Viðvík í sama hreppi	— - —	— 141,97
Skógar í Vopnafjarðarhreppi	— - —	— 95,98
		kr. 310,18

en að þær kr. 10,18, sem umfram eru, borgist Hofs prestakalli af innstæðu Skeggjastaða prestakalls, sem biskupinn hefir undir höndum.

2, að til Desjarmýrar prestakalls, sem á að fá 300 kr. uppbót, leggist þessar jarðir:

Rjúpnafell	afgjald á ári	kr. 121,78
Refstaðir	— - —	— 109,96
Rauðhólar	— - —	— 60,89
		kr. 292,63

Þær kr. 7,37, sem á vantar, greiðist Desjarmýrar prestakalli af innnstæðu Hofs prestakalls hjá biskupi.

3, þær 100 kr., sem eptir standa, borgist af rentum nefndrar innstæðu Hofs prestakalls til Fjarðar prestakalls í Mjóafirði, sem á að fá alls 800 kr. uppbót.

B. Valþjófsstaður. Þær 500 kr., sem brauðið á að greiða á ári, borgist Fjarðar prestakalli í Mjóafirði, þannig, að til nefnds prestakalls leggist þessar jarðir frá Valþjólfsstaðar prestakalli:

9. dag júlímán. 1887.

Reykjavík 1887. Prentsmiðja Ísafoldar.

68 3. júní.

Þorgrímsstaðir í Breiðdal	afgjaldið á ári	kr	57,62
½ Hrollaugsstaðir með ½ hjáleigunni Engilæk . .	— - —	—	80,00
Fjallsel í Fellnahrepp	— - —	—	92,39
½ Hafrafell í sama hreppi	— - —	—	90,49
Kross	— - —	—	60,39
Kleif	— - —	—	58,61
Langhús	— - —	—	56,98
		kr.	496,48

Fjarðar prestakall fær þannig auk 100 kr. frá Hofi 596 kr. 48 a. eða sem næst 600 kr. af 800 kr. uppbót þeirri, sem ákveðin er í lögunum, en þær 200 kr., sem þá standa eptir, er lagt til að greiddar verði úr landssjóði einsog hingað til.

Útaf þessu skal eigi látið hjálíða, með skýrskotun til brjefs hjeðan frá 18. f. m., að tilkynna yður hjermeð þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg samkvæmt heimild þeirri, sem mjer er veitt í konungsúrskurði 16. f. m., samþykki hjermeð tillögur yðar undir stafliðunum A og B hjer að framan. Sömuleiðis vil jeg þjónustusamlega skora á yður, að gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf í þessu efni, og vænti jeg að fá á sínum tíma skýrslu um það frá yður.

69 27. maí.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um skýrslur um ástand þjóðjarða.** — Jafnframt því að senda hingað skýrslur þær frá umboðsmönnunum í amti yðar um ástand þjóðjarða, sem fyrirskipaðar eru í ráðgjafabrjefi 25. maí 1880 7 (Stj.tíð. 1880 B. 89) og landshöfðingjabrjefi 22. júní s. á. (Stj.tíð. 1880 B. 101) hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað og borið undir samþykki mitt form[1] fyrir slíkum skýrslum umboðsmanna um ástand þjóðjarða, í því skyni, að skýrslurnar úr öllum umboðunum yrðu með sama móti, svo að hægra yrði að fá yfirlit yfir ástand þjóðjarðanna yfir höfuð. Sömuleiðis hafið þjer tekið fram, að betur mundi til fallið, að skýrslur þær, sem hjer er um að ræða, væru miðaðar við fardagaár en almanaksár, einsog hingaðtil hefir átt sjer stað, þarsem umboðsmenn fari umsjónarferðir um umboðin á sumrin og geti þá aðeins rannsakað það sem unnið hafi verið að jarðabótum síðastliðið

1) **Skýrsla** um ástand þjóðjarða samkvæmt

Tala	Nöfn jarðanna	Abúendur	Hvenær núverandi ábúandi kom á jörðina	Jarðabætur áskildar				
				þúfnasljettun □ faðmar	túngarðahleðsla faðmar	vörzlugarðar faðmar	skurðir faðmar	flóðgarðar faðmar